

Börkur Sigurbjörnsson

# Gáleysisleg hegðun

örsaga



Urban Volcano

# Gáleysisleg hegðun

## Börkur Sigurbjörnsson

Creative Commons (BY-NC-ND) – 2024

<https://creativecommons.org/licenses/by-nc-nd/4.0/>

Myndskreyting: Börkur Sigurbjörnsson

Útgefandi: Urban Volcano

<https://urbanvolcano.net/>

Þessa sögu má afrita með hvaða hætti sem hugnast getur, svo sem með fjölritun, meitlun í stein eða upplestri í gegnum Zoom úr baðkari á jónsmessunótt, svo fremi sem vísað er í höfund, efninu ekki breytt á nokkurn hátt og ekki skapist fjárhagslegur ávinningur af afrituninni.



## GÁLEYSISLEG HEGÐUN

---

„Svo... ég er leiðindapúki... of fyrirsjáanlegur... of forsjáll... of...“ öskraði Már á eftir Lóu þegar hún rauk út og skellti úti-dyrahurðinni á eftir sér. „Ég skal sko sýna þér gáleysislega hegðun... frumkvæði... Ég skal sko sýna þér...“

Már var reiður—reglulega reiður. Hann og Lóa höfðu rifist einn einu sinni—ef rifrildi mætti kalla. Reiðikast Lóu væri betri lýsing. Einræða um það hvað hún væri leið á því að búa með honum—hversu leið hún væri á hagsýnu og kerfisbundnu viðhorfi hans til lífsins. Hún sagðist þrá einhvern sem væri ræðnari—einhvern sem sýndi meira frumkvæði—einhvern mann-

legri. Þannig hafði hún orðað það. Hún þráði einhvern mann-  
legri.

Már fann hvernig spennan magnaðist í líkamanum. Hann fann fyrir löngun til að gera eitthvað villt—sleppa af sér beisl-  
inu. Hann þrammaði úr einu herbergi í annað, veltandi fyrir  
sér hvað hann gæti gert. Hann leit í kringum sig í leit að hlut  
sem hann gæti notað til að veita reiði sinni útrás—hlut sem  
hann gæti notað til að losa um spennuna.

Á baðherberginu kom Már auga á tannkremstúpuna og  
brjáladaðar hugdettur mynduðust í höfði hans. Þú getur það,  
sannfærði hann sjálfan sig. Þú ert ekki eins mikill leiðindapúki  
og Lóa sakar þig um að vera. Þú getur verið framhleyppinn. Þú  
getur verið áræðinn. Já, þú getur það. Már tók tannkremstúp-  
una og kreisti hana miðja.

„Sko!“ hrópaði Már út í tómið sem Lóa hafði skilið eftir sig  
í íbúðinni þegar hún fór. „Sjáðu hvað ég get gert... Ég get verið  
afslappaður... Ég get verið hvatvís... Allt þarf ekkert endilega  
að vera bestað.“

Már setti tannkremstúpuna aftur upp á hilluna, settist á  
klósettið og tárin byrjuðu að streyma niður kinnarnar. Hann  
fann fyrir létti. Hann var úrvinda. Hann fann spennuna fjara  
úr líkamanum og hann slakaði á. Nokkrar mínútur liðu þar  
sem hann sat og starði á baðherbergisgólfið. Honum varð síðan  
aftur litið á tannkremstúpuna. Svona átti þetta ekki að vera.  
Hvernig maður var hann orðinn? Þetta var ekki lífið sem hann  
vildi lifa.

Már stóð upp, gekk að hillunni og kreisti tannkremstúp-  
una frá toppi að opi—eins og það átti að gera.

Börkur Sigurbjörnsson er sögumaður með næmt auga fyrir sérstökum sögupersónum, fyndnum samtölum og lifandi umhverfislýsingum. Skrif Barkar flokkast að mestu leyti undir raunsæisstefnu og sögurnar hans eru oftast en ekki byggðar á sönnum atvikum í lífi höfundarins. Þó sögurnar innihaldi fjölmörg sannleikskorn þá eru þau rækilega blönduð skáldskap sem vekur upp forvitni lesandans um það hvar mörkin liggi milli raunveruleika og skáldskapar.

## Bækur

Meðal annars, örsagnasafn (2024)

Talaðu við ókunnuga, smásagnasafn (2019)

52 augnablik, örsagnasafn (2017)

999 Erendis, smásagnasagn (2012)

## Aðrir tenglar

Börkur Sigurbjörnsson

Urban Volcano